

6 nema 200 kr., og þar yfir, má veita $\frac{3}{4}$ þeirra, en aldrei skal leggja minna en
 10. mars $\frac{1}{4}$ þeirra við sjóðinn. Af öðrum tekjum sjóðsins má stjórnin veita $\frac{1}{3}$, en ávalt skulu $\frac{2}{3}$ lagðir við höfuðstól.

7. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Skal reikningurinn endurskoðaður af manni, er kvennafjelag Vatnsfjarðarsveitar kýs til þess, og eftir að reikningurinn er samþykktur, skal senda sýslunefnd Norður-Ísafjarðarsýslu eftirrit af honum.

8. gr.

Stjórn sjóðsins skal halda bók, og skal rita í hana reikninga sjóðsins, skýrslur um störf stjórnarinnar, gjafir til sjóðsins o. s. frv.

9. gr.

Á skipulagsskrá þessari skal leita konungsstaðfestingar.

7 STADFESTING KONUNGS á skipulagsskrá fyrir Gjafasjóð Einars
 28. mars Magnússonar og Ástríðar Pálsdóttur, Steindórsstaðahjóna, út gefin á venju-
 legan hátt að mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra 28. mars 1924.
 Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

Gjafasjóðs „Einars Magnússonar og Ástríðar Pálsdóttur“ Steindórsstaðahjóna.

1. gr.

Sjóðurinn heitir „Gjafasjóður Einars Magnússonar og Ástríðar Pálsdóttur, Steindórsstaðahjóna“. Stofnfje hans eru jarðirnar:

Kross með Krosskoti í Lundarreykjadalshreppi,

Eyri í Andakílhreppi,

Brúsholt í Reykholtisdalshreppi,

Búrfell í Hálsahreppi (að undanskildu hálfu fjallandinu),

Kollslækur í sama hreppi, og þriðjungur

Hallkelsstaða í Hvítársíðuhreppi,

sem er gefin Reykholtisdals- og Hálsahreppi, hinum fyrtalda að $\frac{3}{5}$, hinum síðartalda að $\frac{2}{5}$. 7
28. mars

2. gr.

Fjórða hluta af ársafgjöldum jarðanna skal leggja í aðaldeild Söfnunarsjóðs Íslands, en af vöxtum af inneign gjafarinnar í Söfnunarsjóði skal árlega leggja að minsta kosti helminginn við inneignina þar, þartil hún er orðin 20 þúsund krónur, en úr því að minsta kosti fjórða hluta vaxtanna.

Þrem fjórðu hlutum af ársgjöldum jarðanna, að fráðregnum nauðsynlegum árskostnaði, og sömuleiðis vöxtum þeim, sem útborgaðir eru úr Söfnunarsjóði, skal varið til jarðræktarframkvæmda í hreppunum, þartil fje það er nota má árlega (af jarðarafgjöldum og vöxtum) er orðið 1000 krónur, þá má verja því sem er umfram 1000 kr. eða nokkrum hluta þess til annara menningarfyrtækja.

3. gr.

Umráð sjóðsins skal 5 manna nefnd hafa á hendi, kosin til 3 ára í senn, þannig, hreppsnefnd Reykholtisdalshrepps kys 2 menn, hreppsnefnd Hálsahrepps 1 mann og vorhreppskilafundur hvors hrepps 1 mann. En yfirumráð gjafarinnar skal Búnaðarfjelag Íslands hafa, eða sú stofnun, er koma kann í þess stað, og skal því umráðanefndin árlega senda Búnaðarfjelaginu reikning gjafarinnar og skýrslu um meðferð hennar, og sje reikningurinn síðan birtur á prenti.

4. gr.

Skyldi ábúandi einhverrar jarðarinnar óska kaups á henni, má selja honum hana, ef umráðanefndin telur það hagkvæmt fyrir gjöfina og er öll sammála um það. Skal þá fyrir söluverðið kaupa óbyggjandi verðbrjef eða ávaxta það á annan fulltryggilegan hátt, og fara síðan með vextina af því á sama hátt og jarðarafgjöldin. Til sölu jarðar og ráðstöfun á verði hennar, þarf samþykki Búnaðarfjlags Íslands; um önnur atriði fer eftir ákvæðum gjafabrjefsins sjálfs.